

## Fundargerð

Framkvæmdahópur Lífsgæðasetur St. Jó.

Staður: Lífsgæðasetur St. Jó.

Tími: 26. ágúst kl. 11:15

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Helga Stefánsdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og Ragnheiður Agnarsdóttir.

### 1. Staða framkvæmda.

- Múr og mál. Framkvæmdir utanhúss er varðar múrviðgerðir og málun eru á áætlun bæði hvað varðar verktíma og kostnað. Ábending hefur komið frá verktaka um að rennur þarfnist endurnýjunar – sérstaklega rennubönd þar sem þau eru víða ryðguð og því líkur til að ryðið muni leka niður á ný málaða fleti. Áætlaður kostnaður vegna rennuskipta er 3,6 m.kr. *Tekin var ákvörðun um að bíða með endurnýjun á rennum þar sem ekki þær eru utan við upphaflega kostnaðaráætlun verksins. Skoðað verður að áætla fyrir því á fjárhagsáætlun 2021.*
- Uppsteypun á tröppum Suðurgötu megin gengur hægt og hafa orðið tíðar frestanir á því verki. Nú er beðið eftir pípara til þess að setja snjóbræðslu lagnir í tröppurnar. Skv. upplýsingum frá Fagás sem sér um uppsteypun getur hún hafist um mánaðamótin ágúst/sept. Farið verður í frágang á lóð þegar verktakar hafa lokið sinni vinnu og vinnulyftur eru ekki lengur á ferð um lóðina.
- Bruna og fallvarnir. Framkvæmdum við stigahandrið innanhúss er lokið og voru þau á áætlun. Vinna við brunastiga utanhúss er á byrjunarstigi. Verktaki er klár í verkið um miðjan september og ætlar að klára sína vinnu fyrir mánaðamótin sept./okt.

### 2. Fjármögnun frekari framkvæmda.

- Verkefnastjóri upplýsti um stöðu vinnu við undirbúning fjármögnunar frekari framkvæmda á Lífsgæðasetri St. Jó. Sú vinna hefur gengið ágætlega í sumar og fyrir liggja drög að rekstraráætlun til 3ja ára sem kynnt verður á næsta fundi.

### 3. Önnur mál

- Verkefnastjóri upplýsti um að nokkrir leigutakar hafi kvartað undan hávaða vegna framkvæmda og hafa einhverjir orðið fyrir truflun við vinnu sína. Viðbúið er að einhverjir óski eftir „hávaðaafslætti“ af leigu á næstunni. Verkefnastjóri mun svara þeim beiðnum með vísan í skilmála leigusamninga en þar er t.d. leigan ekki verðtryggð eins og hefðbundið er einmitt vegna þess að fyrir lá frá upphafi að leigutakar gætu orðið fyrir einhverju ónæði á meðan að framkvæmdir við húsnæðið eru í gangi.
- Næsti fundur ákveðin um miðjan september. Nánari tímasetning skoðuð þegar nær dregur.

Fundi slitið 11:50